

Föstudaginn 13. maí 1983.

Nr. 45/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Erlu Bolladóttur

(Páll A. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason og Björn Sveinbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar 25. júní 1982 að ósk ákærðu. Því er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu ákærðu.

Ágrip barst Hæstarétti 29. mars sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærðu verður ákveðin 15 daga varðhald.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Erla Bolladóttir, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síma, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 28. maí 1982.

Mál þetta sem höfðað er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. mars 1982, var tekið til dóms 6. maí 1982. Málið er höfðað „á hendur

Erlu Bolladóttur nema, Aðalstræti 63 á Akureyri, fæddri 19. júlí 1955 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 30. september 1981 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 67494 frá Austurvelli í Reykjavík um götur borgarinnar, uns lögreglumenn stöðvuðu bifreiðina á Sólvallagötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærða, sem er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 19. júlí 1955 í Reykjavík, og telst sakhæf, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir: 1977 19/12 í Reykjavík: Dómur: 3 ára fangelsi fyrir brot gegn 148., 112., 155., 157. og 254. gr. hegningarlaga.

1980 22/2 Dómur Hæstaréttar: Fangelsi í 3 ár.

1980 28/8 í Reykjavík: Sátt: 120.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Svípt ökuleyfi 3. mán. frá 26/7 1980.

Málavextir.

Miðvikudaginn 30. september 1981, um kl. 0137, veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R 67494, þar sem henni var ekið suður Garðastræti og beygt vestur Sólvallagötu. Fyrrgreindir lögreglumenn voru úr Reykjavík. Á Sólvallagötu stöðvuðu þeir bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærða í málinu. Blés hún í öndunarsýni og sýndi 3. stig. Var bifreiðin færð á aðalstöð lögreglunnar, og var ákærða færð fyrir Þóri Þorsteinsson aðstoðarlögregluvarðstjóra, sem tók varðstjóraskýrslu af henni. Þar viðurkenndi hún að hafa verið að koma af skemmtistaðnum Óðali og hafa ekið sjálf, allt þar til hún var stöðvuð af lögreglunni. Skömmu áður en hún yfirgaf skemmtistaðinn, kvaðst hún hafa neytt áfengis, eins og um er rætt í skýrslu varðstjóra. Var ákærða færð á slysadeild Borgarspítalans, þar sem henni var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Að því loknu var hún frjáls ferða sinna.

Fyrir lögregluvarðstjóranum viðurkenndi ákærða að hafa verið að aka bifreiðinni R 67494 og hafi hún verið á leið frá Austurvelli í Reykjavík og í átt að Garðastræti. Ákærða kvaðst hafa hafið ökuför þessa um kl. 0120 um nóttina. Þá viðurkenndi hún áfengisneyslu, kvaðst hafa drukkið vodka og kakólikjör, einn einfaldan vodka og einn tvöfaldan kakólikjör. Ákærða kvaðst hafa verið við áfengisneyslu þessa í Óðali við Austurvöll á tímabilinu frá kl. 0045 til kl. 0100. Ákærða kvaðst haf neytt áfengisins með kunningjum. Ákærða þrætti fyrir að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og kvaðst lítið hafa sofið nóttina og ekkert daginn áður. Þá viðurkenndi ákærða að hafa ekki neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Lögregluvarðstjórinn gerði athugun á útliti og öðrum einkennum ákærðu í greint

sinn. Í þessari athugun kemur fram, að áfengisþefur af andárdrætti var lítils háttar, andlit eðlilegt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Þá sýndi öndunarsýni að álitu varðstjórans 2. stig.

Klukkan 0211 þessa sömu nótt tók Guðmundur Einarsson læknir ákærðu blóð til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða þeirrar alkóhólákvörðunar, mælt með gasgreiningu á súlu, sýndi magn alkóhóls í blóði ákærðu 0.79%.

Föstudaginn 19. febrúar 1982 tók rannsóknarlögreglan á Akureyri skýrslu af ákærðu vegna málsins. Kvaðst hún umrætt kvöld hafa farið á dansleik í skemmtistaðnum Óðali í Reykjavík ásamt félögum sínum. Hafi hún ekið bifreiðinni R 67494, sem vinkona hennar, Auður Clausen, sé eigandi að. Ekki mundi ákærða klukkan kvað hún kom í Óðal. Skömmu eftir að í Óðal var komið, hafi hún pantað kokteil í glasi, sem hún kvaðst hafa drukkið, meðan hún dvaldi inni á skemmtistaðnum. Ákærða kvað kunningja sína hafa neytt eitthvað meira áfengis en hún og hafi eigandi bifreiðarinnar verið orðin allölvuð. Að loknum dansleik kvaðst ákærða ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, þennig að hún hafi ákveðið að fara á bifreiðinni, en ferðinni hafi verið heitið til kunningja, sem búsettir eru í Garðastræti í Reykjavík. Ákærða kvaðst því hafa farið út í bifreiðina, sest undir stýri hennar, gangsett hana og ekið af stað sem leið lá í átt að Garðastræti. Þegar þangað kom, hafi kunningjar ákærðu ekki verið komnir heim, þannig að ákærða og samferðarmenn hennar biðu í bifreiðinni fyrir utan hjá þeim. Eftir nokkra bið kveðst ákærða hafa ákveðið að aka lítinn hring um bæinn, á meðan beðið væri. Kveðst hún því hafa ekið af stað aftur og hafi rétt verið búin að beygja inn á Sólvallagötu, þegar lögreglubifreið hafi komið þar að og stöðvað akstur hennar. Þeir hafi grunað ákærðu um að vera undir áhrifum áfengis og fært hana á lögreglustöðina, þar sem af henni var tekin skýrsla lögregluvarðstjóra, þaðan hafi hún verið færð í Borgarspítalann, þar sem henni var tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Ákærða gerði enga athugasemd við niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, vísaði til kunnáttuleysis í því sambandi.

Ákærða óskaði eftir að leggja fram vörn í sakadóminum, áður en dómur yrði kveðinn upp, og gerði hún það munnlega, og var það bókað eftir henni í dóminum. Vörn hennar er svohljóðandi:

„Árið 1980 í maí var ákærða boðuð til að afplána fangelsisdóm, og við þær aðstæður var brotið, sem lokið var með dómsátt 28. ágúst 1980, framíð, en þá segist ákærða hafa verið í mikilli gedshræringu yfir því að þurfa að hverfa frá heimili sínu og barni og í fangelsi. Ákærða segir, að afplánun hafi seinkað um 4 mánuði árið 1980, eða fram í október þ. á. Ákærða segir, að þegar hún drakk áfengi á þessum tíma, hafi hún verið mjög kærulaus, sem m. a. birtist í því, að hún ók bifreið undir áhrifum áfengis.

Ákærða segist hafa losnað úr fangelsi 9. ágúst 1981. Þá segist hún hafa verið í sama rötleysinu, hálf heimilislauð og var í heimsókn í Reykjavík í fyrsta skipti eftir fangelsisvistina. Ákærða segir þetta hafa verið megin ástæðuna fyrir því, að hún ók ölvuð 30. september 1981. Ákærða segir, að í greint sinn hafi þrír vinir hennar verið með henni í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík, og að hennar álit fann hún ekki til áfengis-áhrifa fyrir aksturinn, enda sagðist ákærða aðeins hafa drukkið lítið af áfengi, áður en aksturinn hófst. Ákærða segist ætla að flytja til Reykjavíkur næsta vetur og ætla að vera þar við nám. Hún segist hafa barn sitt með sér, Ákærða segir, að það verði mjög bagalegt fyrir hana að vera billaus í þrjú ár og það geti leitt af sér frekari brot á þessu sviði.“

Með vísan til eigin játningar ákærðu og þess, sem hér að framan er rakið, er sannað, að ákærða hefur gerst sek um háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir, og er háttsemin þar réttilega færð til refsíákvæða. Hefur hún unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, en dómssáttin frá 28. ágúst 1980 hefur ítrekunaráhrif í þessu sambandi. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs. Í stað sektar komi varðhald 11 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms. Svipta ber ákærðu ökuleyfi, svo sem krafist er. Með vísan til þess, að hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærða svipt ökuleyfinu ævilangt frá dómsbirtingu. Að lokum ber að dæma ákærðu með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Erla Bolladóttir, greiði 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs.

Í stað sektar komi varðhald 11 daga, verði sekt ekki goldin innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.